

## Grænfáni

Við á Kötlukoti erum að vinna með átthaga, landslag og samgöngur. Markmið okkar er að börnin öðlist þekkingu á nánasta umhverfi, gróðri, örnefnum og landslagi. Einnig að börnin beri virðingu fyrir dýrum og náttúrunni.

Í sambandi við þá vinnu höfum við meðal annars

- Grafið matarafganga, plast, ál og pappír niður í jörðina og sett í mold í boxi inni svo hægt sé að fylgjast með niðurbroti. Næsta vor ætlum við að grafa það upp og sjá hvort það sé einhver munur á því sem var úti og inni.



- Við förum reglulega í gönguferðir en í þeim eru mismunandi markmið. Sem dæmi erum við að fræðast um örnefni, í öðrum fáum við fræðslu um eitthvað í sveitinni eða fáum að fylgjast með nýjustu dýrunum á bænum. Einnig höfum við fylgjst með Krumma og laupunum hans og séð þegar ungar eru komnir í laupinn. Þá er líka alltaf gaman að fara út í óvissuna og kynnst einhverju nýju og spennandi.



- Til að átta sig betur á árstíðunum og samspili þeirra og gróðurs er gaman að velja sér tré og merkja það til að fylgjast með hvernig það breytist með árstíðunum. Þá er farið og tréð heimsótt og teknar myndir svo við getum betur borið saman og rifjað upp hvernig það leit út í fyrri skipti.



- Þá finnst okkur gaman að velta fyrir okkur hvað er manggert í umhverfinu og hvað ekki. Hver bjó til farið í moldinni var það dráttarvél, vindurinn eða risaeðla?

